

Ed.

308. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að koma upp verbúðum fyrir viðlegubáta.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt, ef nauðsyn krefur, að láta reisa verbúðir fyrir viðlegubáta í þeim verstöðvum, þar sem rekin er útgerð á vetrarvertíð, enda séu á þessum stöðum fyrir hendi viðhlítandi hafnarskilyrði.

2. gr.

Hafa skal samráð og samvinnu við hlutaðeigandi bæjar- og sveitarstjórnir um tilhögun og framkvæmd verksins, þar á meðal um útvegum á landi undir verbúðirnar. Leita skal samkomulags við þessa aðila um þátttöku þeirra í kostnaði við framkvæmdir þessar í þeim hlutföllum, sem ákveðið er í 2. gr. laga nr. 29 23. apríl 1946.

Takist samningar um, að hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarstjórn endurgreiði ríkissjóði hluta af kostnaðinum samkvæmt því, sem fyrr greinir, verða verbúðirnar eign hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarfélags.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.